

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 5. desember 1985

um hráólúsparnað með notkun eldsneytislíkis í bensíni**(85/536/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt 2. gr. sáttmálans er eitt af markmiðum bandalagsins að stuðla að samræmdri efnahagsþróun, samfelldum og jöfnum hagvexti og auknum stöðugleika.

Eins og málum er nú háttáð á sviði orkumála mun það stuðla verulega að því að þessi markmið náist ef bandalagið verður ekki eins háð innfluttri hráólú.

Hægt er að draga úr eða hætta alveg notkun á blýi í bensíni og veða það upp að hluta með því að nota eldsneytislíki í bensínið og slík efni geta einnig stuðlað að því að minnka þá umframnotkun hráólú sem nauðsynleg er til að vinna blýlaust bensín.

Bensín sem notað er á ökutæki sem knúin eru brunahreyfli með neistakveikju er umtalsverður hluti af olíunotkun innan bandalagsins.

Draga má úr hráólúnotkun við vinnslu á bensíni fyrir ökutæki sem knúin eru brunahreyfli með neistakveikju með því að blanda eldsneytislíki í bensín.

Þar sem hreinsunarferlið verður stöðugt flóknara og nýjar jarðólúafurðir koma fram er afar mikilvægt að slíkar afurðir henti sem allra best til þess sem þær eru ætlaðar og æskilegt er að settar verði reglur þar að lútandi.

Umrædd eldsneytislíki má vinna úr öðrum hráefnum en hráólú, bæði innan og utan bandalagsins og má á þann hátt auka fjölbreytni þeirra efna sem notuð eru fyrir vinnslu eldsneytis á brunahreyfla með neistakveikju.

Dreifing og notkun bensíns með eldsneytislíki í, eins og það er skilgreint í þessari tilskipun, krefjast engra eða óverulegra breytinga á núverandi dreifikerfum fyrir bensín og engra breytinga á bifreiðum sem nú eru í umferð, knúnar brunahreyfli með neistakveikju og ætlað er að ganga fyrir bensíni.

Dreifing og brennsla á blöndum, eins og þær eru skilgreindar í þessari tilskipun, fela ekki í sér meiri áhættu fyrir öryggi manna, heilsu né umhverfi en það bensín sem nú er selt til nota á vélknúin ökutæki í bandalaginu.

Með hliðsjón af markmiðum um hráólúsparnað er æskilegt að engar hindranir verði lagðar á vinnslu, dreifingu, sölu og notkun á hentugum blöndum til að knýja ökutæki með brunahreyfla með neistakveikju.

Umferð milli landa gerir kröfur til þess að öikumönnum bjóðist viðeigandi eldsneyti á bifreiðar sínar alls staðar innan bandalagsins og að hugsanlegum notendum sé kleift að

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 229, 2. 9. 1982, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 96, 11. 4. 1983, bls. 89.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 33, 7. 2. 1983, bls. 1.

greina á milli eldsneytis sem fellur undir þessa tilskipun og annars sem eingöngu er hægt að nota á sérhönnuð eða breytt ökutæki.

Vísinda- og tækniframfarir geta orðið til þess að breyta þurfi viðaukanum við þessa tilskipun. Koma þarf á tilhögun svo unnt sé að gera þær breytingar.

Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum en þeim sem um getur í 235. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu hvorki hindra, takmarka né vinna gegn vinnslu, sölu eða óheftri dreifingu á bensíni blönduð lífrænum súrefnissamböndum, vegna súrefnisinnihaldsins, enda sé það í samræmi við viðaukann og fari ekki yfir þau mörk sem um getur í A-dálki II. hluta hans. Þess háttar eldsneyti verður að vera algjörlega öruggt í notkun og nýttast svipað og bensín sem notað er á ökutæki knúin brunahreyflum með neistakveikju, sem nú eru í umferð eða boðin til sölu, án þess að breyta þurfi þeim.

2. gr.

Í skilningi þessarar tilskipunar merkir „bensín“ allar blöndur sem eru að mestu leyti samsettar úr kolvetni í fljótandi formi og henta til að knýja brunahreyfla með neistakveikju.

3. gr.

Þegar vélaeldsneyti, sem blandað er lífrænum súrefnissamböndum í hærri hlutföllum en um getur í B-dálki II. hluta viðaukans, er selt til almennings skal merkja dælurnar greinilega, meðal annars til þess að ljóst sé hvert brennslugildi þess eldsneytis sé.

4. gr.

Heimilt er að breyta viðaukanum í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr.

5. gr.

1. Nefnd um aðlögun viðaukans að vísinda- og tækni-framförum, hér eftir kölluð „nefndin“, skal sett á stofn.

2. Nefndinni er heimilt að kanna eldsneytislíki sem ekki fellur undir þessa tilskipun án þess þó að tilhögun sú er um getur í 6. gr. komi til.

3. Nefndin skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Formaðurinn skal kalla hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

4. Nefndin setur sér eigin starfsreglur.

6. gr.

1. Þegar fylgja skal tilhögun þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitsgerðir skulu samþykktar með 45 atkvæða meirihluta og vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram tillögu til ráðsins um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki samþykkt ráðstafanirnar innan þriggja mánaða frá því að málið var lagt fyrir skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og hrinda þeim tafarlaust í framkvæmd.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli, þar með talið ákvæði um aðferðir við mælingar og prófun í samræmi við viðaukann, til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1988. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar á stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 1985

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

I. SKILGREININGAR

Metanól, etanól, ísóprópýl alkóhól (2-própanól), bútýlalkóhól (1-bútanól), annars stigs bútýlalkóhól (2-bútanól), þriðja stigs bútýlalkóhól (TBA, 2-metýl 2-própanól), ísóbútýlalkóhól (2-metýl-1-própanól), önnur mónóalkóhól með lokaemingarmark sem sé eigi hærra en mælt er fyrir um í innlendum tækniforskriftum eða almennum tækniforskriftum fyrir vélaeldsneyti séu hinar ekki til; metýl, þriðja stigs bútýleter (MTBE tert-bútoxýmetan) og þriðja stigs amýlmetýleter (TAME 2-metoxý-2-metýlbútan), etýl þriðja stigs bútýleter (ETBE 2-etoxy-2-metýlprópan) og aðrir eterar (R_1 -O- R_2) með lokaemingarmark sem sé eigi hærra en mælt er fyrir um í innlendum tækniforskriftum eða almennum tækniforskriftum fyrir vélaeldsneyti séu hinar ekki til; efni þessi sem hafa sameindir með fimm eða fleiri kolefnisatómum eru nú leyfileg sem lífræn súrefnissambönd til nota sem íblöndunarefni í eldsneyti og/eða bindiefni fyrir vélaeldsneyti. Blöndur úr þessum efnum eru einnig leyfilegar.

Hugtakið „bindiefni“ vísar til tiltekinna efna sem um getur í fyrstu undirgreininni og er bætt út í til að koma í veg fyrir fasaskipti milli bensínsins og eldsneytislíkisins.

II. SAMSETNING Á BLÖNDUM

Í samræmi við 1. gr. verða aðildarríkin að heimila þau hlutföll lífrænna súrefnissambanda í eldsneytisblöndum sem fara ekki yfir þau mörk sem frá greinir í A-dálki.

Aðildarríkin geta heimilað hlutföll lífrænna súrefnissambanda sem eru hærri en þessi mörk. Krafa um merkingu á dælum sem mælt er fyrir um í 3. gr. gildir um hærri hlutfall lífrænna súrefnissambanda en sýnt er í B-dálki.

| | A | B |
|--|--|--|
| Metanól, viðeigandi bindiefni verður að bæta út í ⁽¹⁾ | 3% vol | 3% vol |
| Etanól, þörf kann að vera á bindiefni ⁽¹⁾ | 5% vol | 5% vol |
| Ísóprópýlalkóhól | 5% vol | 10% vol |
| TBA | 7% vol | 7% vol |
| Ísóbútýlalkóhól | 7% vol | 10% vol |
| Eterar sem hafa fimm eða fleiri kolefnisatóm í sameind ⁽¹⁾ | 10% vol | 15% vol |
| Önnur lífræn súrefnissambönd sem skilgreind eru í I. hluta | 7% vol | 10% vol |
| Blanda af einhverjum lífrænum súrefnissamböndum ⁽²⁾ sem skilgreind eru í I. hluta | 2,5% af þunga súrefnis án þess að farið sé fram úr einstökum mörkum fyrir efni sem að ofan getur | 3,7% af þunga súrefnis án þess að farið sé fram úr einstökum mörkum fyrir efni sem að ofan getur |

⁽¹⁾ Í samræmi við innlendar forskriftir eða almennar forskriftir séu þær fyrrnefndu ekki til.

⁽²⁾ Aseton er heimilað upp að 0,8% af rúmmáli þegar það er til staðar sem aukaafurð við framleiðslu tiltekinna lífrænna súrefnissambanda.

Notkun annarra íblöndunarefna en þeirra sem getið er í I. hluta í minna hlutfalli en 0,5% heyrir ekki undir þessa tilskipun.

III. KRÖFUR

Tækniforskriftir fyrir vélaeldsneyti sem nú er notað er að finna í innlendum stöðlum í aðildarríkjunum eða almennum tækniforskriftum séu þær fyrrnefndu ekki til.

Bensínblöndur með lífrænum súrefnissamböndum verða að vera í samræmi við tækniforskriftir þær sem gilda um eldsneyti það sem blöndunum er ætlað að leysa af hólmi.

Enn fremur verður hugað að tækniforskriftum sem lúta að eiginleikum sem einkanlega koma fram í blöndum af bensíni og lífrænum súrefnissamböndum (til dæmis vatnsþol, vatnsupptaka, samhæfing við önnur efni og skaðleg óhreinindi, þar með talda lífrænar sýrur, kopar, o.s.frv.) og geta lögbærar staðlastofnanir mælt fyrir um þær að því er þessar blöndur varðar eða iðnaðarsamtök séu þær fyrrnefndu ekki til.